



6.6. 2002.
16/222/LÓ/ló

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Efni: Frumvarp til laga um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 665. mál, þjónusta við börn og endurgreiðslur.

Heilsugæslan þakkar fyrir að fá tækifæri til að segja álit sitt á ofangreindu frumvarpi, sem stefnir að aukinni þjónustu og eftirliti með gleraugnaþörf barna. Almennt má segja að eftirlit þetta er nokkuð úr takt við þá heilbrigðisþjónustu, sem verið er að veita í landinu, þar sem eftirlitsleysi er hið ríkjandi ástand og þetta mál á engan hátt hið brýnasta að ráðast í en veit e.t.v. á aðra framtíð. Má í því sambandi nefna að Tryggingastofnun ríkisins greiðir út miljarða króna fyrir þjónustu sem hún hefur litla hugmynd um hver er eða hversu mikil þörf er fyrir.

Hvað 2. grein frumvarpsins snertir sérstaklega er 2. málsli. a liðar (6.gr) klúðurslega orðaður. Betra væri að segja: *Skal stofnunin í samráði við landlækni og **augnlækna barna** halda skrá yfir öll börn sem þurfa á gleraugum að halda. Óþarfi er að hafa setnigarhlutann **yngr** en 18 ára því þeir sem eru 18 eða eldri eru ekki börn.*

Vert er að benda á að samkvæmt frumvarpinu er eingöngu heimilt að halda skrá yfir börn sem þurfa á gleraugum að halda en ekkert umfram það. Því er mikilvægt að greinin feli í sér heimild ráðherra til þess að setja reglugerð um hvað skrá skuli t.d. sjónskerðingu eða styrk sjónglerja, og einnig hvernig þær upplýsingar verði fengnar frá augnlæknum.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilsugæslunnar


Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri